



Alþingi
Erindi nr. P 124, 1988
komudagur 15.4.2002

15. apríl 2002


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Föstudaginn 12. apríl sl. barst Seðlabanka Íslands munnleg beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga nr. 54/1974 um Þjóðhagsstofnun, 709. mál.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu átti Seðlabanki Íslands fulltrúa í samstarfshópi sem forsætisráðherra skipaði til þess að vinna að framgangi viðamikillar endurskipulagningar á verkaskiptingu stofnana ríkisins á sviði efnahagsmála „sem einkum lyti að því að færa verkefni Þjóðhagsstofnunar til annarra stofnana.“ Í samstarfshópnum hafði bankinn hlutlausa afstöðu til þess hvort leggja bæri Þjóðhagsstofnun niður en var engu að síður reiðubúinn að axla einhver viðfangsefni sem honum kynnu að verða falin, enda samrýmdist það ákvæðum laga um bankann. Þá lá jafnframt fyrir að bankinn yrði að styrkja möguleika sína til sjálfstæðra þjóðhagsáætlana, óháð örlögum Þjóðhagsstofnunar.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Birgir Ísleifur Gunnarsson
formaður bankastjórnar


Finnur Ingólfsson
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605